



Dimmuborgir

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024

Til auglýsingar í mars 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

| | |
|--|-------------|
| 1. INNGANGUR | 1–4 |
| 1.1. Eignarhald og umsjón | 1–4 |
| 1.2. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi | 1–5 |
| 1.3. Verndarflokkur | 1–5 |
| 2. LÝSING SVÆÐIS | 2–6 |
| 2.1. Mörk svæðis | 2–6 |
| 2.2. Náttúruminjar | 2–6 |
| 2.2.1. Jarðminjar | 2–6 |
| 2.2.2. Jarðvegur og gróður | 2–6 |
| 2.2.3. Dýralíf | 2–7 |
| 2.3. Menningarminjar | 2–7 |
| 2.4. Innviðir og mannvirki | 2–7 |
| 2.4.1. Mannvirki | 2–7 |
| 2.4.2. Vegir, bílaplön og slóðar | 2–7 |
| 2.4.3. Gönguleiðir | 2–8 |
| 2.4.4. Skilti | 2–8 |
| 2.5. Ferðaþjónusta og útivist | 2–8 |
| 2.6. Rannsóknir og vöktun | 2–8 |
| 2.7. Kynning og fræðsla | 2–8 |
| 3. MARKMIÐ, STEFNA, OG LEIÐIR | 3–10 |
| 3.1. Svæðaskipting | 3–10 |
| 3.2. Náttúruminjar | 3–11 |
| 3.2.1. Jarðminjar | 3–11 |
| 3.2.2. Jarðvegur og gróður | 3–11 |
| 3.2.3. Dýralíf | 3–11 |
| 3.3. Menningarminjar | 3–11 |
| 3.4. Innviðir og mannvirki | 3–11 |
| 3.4.1. Byggingar | 3–12 |
| 3.4.2. Vegir, bílaplön og slóðar | 3–12 |
| 3.4.3. Gönguleiðir | 3–12 |
| 3.4.4. Skilti og merkingar | 3–12 |
| 3.5. Ferðaþjónusta og útivist | 3–13 |
| 3.6. Rannsóknir og vöktun | 3–13 |
| 3.7. Kynning og fræðsla | 3–13 |
| 3.8. Landnotkun | 3–13 |
| 3.8.1. Búfjárbætur | 3–13 |
| 3.8.2. Kvikmyndataka og viðburðir | 3–14 |
| 3.9. Öryggismál | 3–14 |
| 3.10. Flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför | 3–14 |



| | |
|--------------------------------------|-------------|
| AÐGERÐAÁÆTLUN 2015-2019 | 3-15 |
| VIÐAUKI 1 | 3-17 |
| VIÐAUKI 2 | 3-18 |
| VIÐAUKI 3 | 3-19 |
| VIÐAUKI 4 | 3-23 |

1. Inngangur

Dimmuborgir í Skútustaðahreppi geyma afar sérstæðar hraunmyndanir. Þær eru minjar tæmdrar hrauntjarnar sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdents- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Skjálfaflóa.

Meginmarkmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Áætlunin var unnin af vinnuhóp sem settur var saman vegna gerðar verndar- og stjórnunaráætlunar og í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Vinnuhópin skipuðu:

- Daði Lange, fulltrúi Landgræðslu Ríkisins.
- Davíð Örvar Hansson, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- Sigurður Böðvarsson, fulltrúi Skútustaðahrepps.
- Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, fulltrúi Ráðgjafanefndar um friðlýst svæði í Mývatnssveit.

Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2024. Meðfylgjandi áætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlunina.

Nánari lýsingu og fróðleik um Dimmuborgir er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

1.1. Eignarhald og umsjón

Dimmuborgir voru afhentar ríkissjóði til eignar og umráða árið 1942 með sérstökum samningi landeigenda jarðanna Kálfa- og Geiteyjarstrandar. Sandgræðsla ríkisins, síðar Landgræðsla ríkisins, girti landið af og hefur haft umsjón með svæðinu.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 hefur Umhverfisstofnun umsjón með friðlýstum svæðum. Samhliða friðlýsingu svæðisins árið 2011 var undirritaður samningur þar sem Landgræðslu ríkisins var falin umsjón og rekstur náttúruvættisins. Samkvæmt samningnum annast Landgræðslan almenna umsjón og rekstur svæðisins en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingarinnar og sér um landvörslu.

Ráðgjafanefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðisins, samstarf við önnur svæði og stefnumótun.

1.2. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Dimmuborgir í Skútustaðahreppi eru friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 1262/2011 í Stjórnartíðindum B skv. 2. tl. 2. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Friðlýsing Dimmuborga var undirrituð þann 22. júní 2011.

Náttúruvættið er innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lög nr. 97/2004. Svæðið er einnig innan þess svæðis sem skráð var á lista Ramsarsamningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði (Mývatn og Laxá nr. 167) árið 1978.

Í Skútustaðahreppi er í gildi aðalskipulag frá 2011 og gildir það til ársins 2023. Gerð er grein fyrir friðlýsingu Dimmuborga í skipulaginu. Deiliskipulag þjónustusvæðis Dimmuborga var samþykkt 2007 en það er í endurskoðun, árið 2015.

Framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Skútustaðahrepps, landeiganda og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu einnig vera í samræmi verndar- og stjórnunaráætlun Dimmuborga.

1.3. Verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu Dimmuborga sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Vernduninni er ætlað að tryggja varðveislu jarðmyndana vegna mikils fræðslu- og útivistargildis.

Samkvæmt flokkun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN) á friðlýstum svæðum flokkast Dimmuborgir í flokk III. Markmiðið með verndun svæða sem flokkast í þann flokk er að vernda sérstæðar náttúruminjar vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d. fossa, eldstöðvar, hella, dranga, fundarstaði steingervinga eða steinda. Alla jafna eru svæðin fremur lítil en hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

2. Lýsing svæðis

2.1. Mörk svæðis

Náttúruvættið er 423,5 ha að stærð. Þar af eru 421 ha innan landgræðslugirðingar. Mörk svæðisins má sjá á korti í viðauka X.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Jarðminjar Dimmuborga eru einstakar á landsvísu og vegna þeirra er verndargildi svæðisins mikið. Þær urðu til í eldsumbrotum fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdentar- og Þrengslaborgum og í sjó fram í Skjálfaflóa. Hraunið varð samanlagt 220 km² og 2-3 km³ að rúmmáli og skildi eftir sig sérstæð náttúrufyribæri t.d. Dimmuborgir og gervigga sem finnast allt frá Dimmuborgum niður í Aðaldal.

Hinar sérstæðu jarðmyndanir mynduðust þegar fyrirstaða í hrauninu varð til þess að hraunbráð safnaðist fyrir undir storkinni hraunskán og myndaði hringlaga gúl eða hrauntjörn, um 2 km í þvermál og um 20 m á hæð. Hraunbráðin hefur síðan fengið framrás til vesturs í átt að Mývatni, en eftir standa hraundrangar sem taka á sig ótrúlegustu kynjamyndir. Talið er að hraundrangarnir sem einkenna svæðið hafi myndast í hrauntjörninni þar sem gufa og aðrar gastegundir hafa leitað í mjóum strókum upp í gegnum glóandi hraunið, kælt það og valdið því að það storknaði. Hraundrangar sem þessir eru nokkuð algengir á hafsbotni, en sjaldgæfir á landi.

2.2.2. Jarðvegur og gróður

Framan af tuttugustu öld átti gróður verulega undir högg að sækja í Dimmuborgum. Foksandur sótti ofan af hálendinu suður af Mývatnssveit í Garðsbruna og þaðan yfir Borgirnar. Við blasti að merkar hraunmyndanir færu á kaf í sand. Árið 1942 voru Dimmuborgir girtar af til friðunar fyrir beit og tók Sandgræðsla ríkisins, síðar Landgræðsla ríkisins, við þeim til uppgræðslu og umráða. Síðan þá hafa náðst góð tók á sandinum og ógnar hann ekki lengur Borgunum.

Birki er sú gróðurtegund sem er einna mest áberandi í Dimmuborgum en þar má einnig finna reynivið, grávíði, loðvíði, lyngtegundir o.fl. Við uppgræðslu hefur verið notast við melgresi, grasfræ og tilbúinn áburð. Heyrúllur voru fluttar á svæðið með þyrlu til að ná tökum á erfiðasta sandskaflinum. Nokkru var plantað af barrtrjám á svæðinu um miðja tuttugustu öld t.d. furu og lerki.

2.2.3. Dýralíf

Dýralíf er nokkuð fjölskrúðugt en fuglar einkenna dýralíf svæðisins. Fálki er reglulegur varpfugl en hann nýtur strangrar verndar. Smyrill er einnig algengur auk þess sem hrafn heldur til í klettóttu landslaginu.

Rjúpa er mjög algeng og verpur í kjarrlendinu og má ætla að hún sé uppistaða í fæðu ránfugla. Áður fyrr var talsverð rjúpnaveiði á svæðinu en eftir friðlýsingu hefur skotveiði verið bönnuð.

Fjöl margar smáfuglategundir má finna í Dimmuborgum. Þar verpa músarrindlar, skógarprestir, auðnutittlingar o.fl. tegundir.

Þekkt tófugreni eru í nágrenni náttúruvættisins og má ætla að tófur sæki fæðu inn í Dimmuborgir.

2.3. Menningarminjar

Hugsanlega finnast menningarminjar innan svæðisins en þær hafa ekki verið skráðar.

2.4. Innviðir og mannvirki

2.4.1. Mannvirki

Á þjónustusvæði (sjá kort með svæðaskiptingu í viðauka X) var reist þjónustumiðstöð (Kaffi Borgir) árið 2009 og salernishús árið 2014. Húsin eru byggð úr timbureiningum sem settar voru saman á staðnum og miðast við að hægt sé að fjarlægja þær með stuttum fyrirvara og án varanlegs rasks. Húsið er í eigu Trésmiðjunnar Reinar ehf. en í gildi er samningur um þjónustumiðstöð milli Landgræðslunnar og Reinar sem gildir til 2019. Rein leigir rekstur þjónustumiðstöðvarinnar út til Draumaborga sem er rekstraraðili Kaffi Borga. Þar er rekin veitingasala og minjagripaverslun.

Hlaðinn grjótgarður úr hraungrýti skilur bílastæði frá jarðminjum svæðisins.

2.4.2. Vegir, bílaplön og slóðar

Frá þjóðvegi 848 sunnan Mývatns liggur vegur 884 að Dimmuborgum. Hann er 1,3 km langur. Vorið 2014 var lagt á hann bundið slitlag auk þess sem göngu- og hjólreiðastígur var lagður samhliða.

Um 2 þúsund fermetra bílplan er norðan við Borgarásinn. Bílplanið er með bundnu slitlagi. Neðan við planið er annað plan sem gert var árið 2010 og er með malarlagi. Það er um 1500 fermetrar að stærð og er að mestu ætlað smábílum.

Þjónustuslóði liggur frá malarvegi sunnan við Hverfjall. Sá slóði liggur suður fyrir friðlýsta svæðið, meðfram landgræðslugirðingunni að mel sunnan Kirkjunnar. Slóðinn er notaður sem girðingar-, landgræðslu- og efnisflutningaslóði og er ekki ætlaður til almennrar umferðar.

2.4.3. Gönguleiðir

Gönguleiðir í Dimmuborgum eru nokkrar og hafa verið merktar inn á kort. Sjá kort af gönguleiðum í Viðauka 1. Gönguleiðirnar eru samtals um 6,6 km. Ástand þeirra er misjafnt en búið er að malbika um 350 m, frá Borgarás og inn á Hallarflöt. Allar leiðirnar eru merktar með máluðum stikum og hluti afmarkaður með kaðlagirðingum.

2.4.4. Skilti

Í Dimmuborgum eru fjögur fræðslu- og upplýsingaskilti þar sem upplýsingar eru um gönguleiðir, myndun borganna og verndun þeirra. Eitt skiltið fjallar um jólasveinana í Dimmuborgum sem fólk heimsækir mikið á aðventunni. Fjöldmörg skilti með litlum gönguleiðakortum eru við gönguleiðir. Notast er við táknmyndir og bráðabirgðamerkingar til stýringar á mannfjölda og eru þær merkingar færðar til eftir þörfum.

2.5. Ferðaþjónusta og útivist

Uppbygging innviða í Dimmuborgum er miðuð að þörfum gangandi fólks, enda er um að ræða vinsælt göngu- og útivistarsvæði. Svæðið nýtur mikillar kynningar í upplýsingaritum og á vefsíðum.

Algengast er að gestir komi akandi að bílastæðum við Borgarás en sívaxandi fjöldi gengur frá Reykjalíð að Birtingatjörn en gönguleiðin liggur í gegnum Dimmuborgir. Umferð gangandi er nær einskorðuð við sumartímann. Áðurnefnd gönguleið tengir Dimmuborgir við Hverfjall til norðurs og Birtingatjörn til suðurs.

Stór hluti sumargesta kemur akandi á einkabílum en einnig koma stórir hópar með rútum. Oft gerist það að margar rútur koma í einu í bland við umferð einkabíla og verður umferð gangandi ferðamanna oft meiri en göngustígar svæðisins þola. Álagstoppar fylgja oftast komu farþegaskipa í nálægar hafnir t.d. til Akureyrar og Húsavíkur.

Fólk dvelur mislengi á svæðinu og er dvalartími breytilegur eftir árstíðum og eðli ferðar. Rútufarþegar í hópferðum stoppa oft skemur en þeir sem ferðast á eigin vegum. Vetrargestum svæðisins hefur fjölgað á undanförunum árum en fæstir dvelja lengi á svæðinu.

2.6. Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir árlegri vöktun á varpi fálka innan náttúruvættisins auk þess sem fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á jarðminjum svæðisins. Finna má frekari upplýsingar um rannsóknir á heimasvæði Dimmuborga á www.umhverfisstofnun.is

2.7. Kynning og fræðsla

Dimmuborgir hafa mikið fræðslugildi enda finnast þar einstakar jarðsögulegar minjar sem nýtast í kennslu á öllum skólastigum, frá grunnskólum og upp í háskóla. Á svæðinu sjást skýr merki þeirra atburða sem skópu Dimmuborgir, líkt og rispaðir hraunveggir, en rispurnar sýna



hvernig hraunhellan seig niður eftir að glóandi hraunið rann til vesturs að Mývatni. Holóttir drangar, með grönnum gasrásum í miðju, sýna hvernig gasið hefur streymt undan glóandi hrauntjörninni og valdið storknun. Áþreifanlegar minjar myndunarsögunnar eru víða áberandi. Gróður og dýralíf er einnig eftirtektarvert. Þar er hægt að rekja áhrif uppgræðslu með mikilli nákvæmni og fylgjast með varpi fálkans á svæðinu en fálkinn er tegund á válista og nýtur sérstakrar friðunar.

3. Markmið, stefna, og leiðir

3.1. Svæðaskipting

Tilgangur svæðaskiptingar Dimmuborga er að skapa stefnu um framtíðarskipulag og uppbyggingu á svæðinu. Umgengnisreglur og takmarkanir sem gilda á svæðinu koma fram í auglýsingu um náttúruvættið og gilda fyrir svæðið í heild.

Markmiðið er að Dimmuborgir þjóni hlutverki sínu sem áningastaður ferðamanna án þess að verndargildi svæðisins skerðist. Reynt verður að mæta þörfum þeirra sem vilja mikla þjónustu en einnig þeim sem vilja komast afsíðis og upplifa lítt snortna náttúru.

Náttúruvættinu er skipt upp í þrjú svæði þar sem vernd náttúru er stjórnað með breytilegu aðgengi ferðamanna.

1. Þjónustusvæði: Gert er ráð fyrir góðu aðgengi og uppbyggingu innviða, s.s. bílastæði, salerni og þjónustumiðstöð. Uppbygging þjónustu fer eingöngu fram á þjónustusvæðinu en þaðan er hægt að horfa yfir svæðið og öðlast nokkra upplifun af náttúruminjunum.
2. Útivistarsvæði: Gert er ráð fyrir að göngustígum á svæðinu verði viðhaldið eða þeir bættir. Stefnt er að því að aðgengi flestra verði tryggt um útivistarsvæðið allan ársins hring. Stýring umferðar verður mikil og upplýsingum miðlað til fólks eftir því sem tilefni er til.
3. Náttúrusvæði: Gert er ráð fyrir að svæðið verði að mestu óraskað og náttúrleg ásýnd varðveitt á kostnað aðgengis fyrir ferðamenn. Göngustígar verða ekki byggðir upp nema að því leyti að gerðir verða troðningar eða einstigi. Merkingum verður haldið í lágmarki og haldið í náttúrulega upplifun ferðalanga.

Ávalt skal gætt að öryggi ferðamanna svo hætta á slysum verði takmörkuð eins og kostur er.

Kort af svæðaskiptingu má sjá í viðauka 2.

3.2. Náttúruminjar

3.2.1. Jarðminjar

Vernda skal jarðminjar svæðisins. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir innan náttúruvættisins. Framkvæmdir innan svæðisins skulu ekki rýra ásýnd og landslag og skal leitast við að hafa jarðmyndanir sýnilegar, t.d. með því að fjarlægja gróður sem skyggir á. Umferð ferðamanna á þjónustu- og útivistarsvæði skal aðeins vera á merktum göngustígum, bílaplönnum og slóðum og skal umferð stýrt með kaðlagirðingum og tákmyndum eftir því sem við á hverju sinni.

3.2.2. Jarðvegur og gróður

Vernda skal jarðveg og gróður svæðisins. Ekki skal hrófla við gróðri nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarðmyndunum svæðisins. Ef ryðja þarf kjarr- eða skóglendi skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands í samræmi við 4. gr. auglýsingar um náttúruvættið. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu og vinna skal að heftingu útbreiðslu þeirra.

Aðgerðir:

- Vakta skal árlega útbreiðslu framandi plöntutegunda á svæðinu, þeim skal ekki dreift og útbreiðsla þeirra heft.

3.2.3. Dýralíf

Vernda skal dýralíf á svæðinu. Veiðar á ref og mink eru heimilar á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Varp válistategunda s.s. fálka og grenjavinnsla getur leitt til tímabundinna lokana gönguleiða.

3.3. Menningarminjar

Stefnt skal að því að menningarminjar svæðisins verði skráðar.

3.4. Innviðir og mannvirki

Mannvirkjum á svæðinu skal vera vel viðhaldið og skulu þau hæfa þeirri starfsemi sem þar fer fram. Framtíðar uppbygging skal vera í þágu bætts aðgengis, þjónustu við ferðamenn og til verndunar náttúru. Vinna skal í sátt við umhverfið og m.t.t. friðlýsingarskilmála Dimmuborga. Mikilvægt er að uppbygging sé í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár og gildandi skipulag. Stefnt skal að deiliskipulagningu svæðisins í heild.

3.4.1. Byggingar

Byggingar á svæðinu eru hugsaðar sem þjónustuhús fyrir daggesti og starfsfólk á svæðinu. Eingöngu er gert ráð fyrir byggingum á þjónustusvæði Dimmuborga. Stefnt skal að því að komið verði upp aðstöðu fyrir landverði.

3.4.2. Vegir, bílaplön og slóðar

Vegir og slóðar innan náttúruvættisins skulu vera í því ástandi að þeir geti sinnt hlutverki sínu og skal þeim viðhaldið og þeir endurbættir eftir því sem ástæða þykir til. Umferð ökutækja innan Dimmuborga skal haldið í lágmarki og skal ekki vera utan merktra vega og slóða. Stefnt er að því að tryggja öryggi vegfarenda á bílastæði og bæta skipulag.

Aðgerðir:

- Bílastæði skulu malbikuð og merkt.

3.4.3. Gönguleiðir

Gönguleiðir verði öruggar og greinilegar. Þær skulu vera í því ástandi að þola þá umferð sem um þær fara og tryggja gangandi vegfarendum aðgengi að Dimmuborgum. Gönguleiðirnar Litli- og Stóri hringur skulu vera færar hreyfihömluðum.

Aðgerðir:

- Vinna skal áfram að malbikun Litla- og Stórahings eftir því sem fjármagn leyfir.
- Bæta skal Kirkjuhring með breikkun, sléttun og ofaníburði svo hún þjóni breiðari hóp gesta.

3.4.4. Skilti og merkingar

Í Dimmuborgum skulu vera fræðsluskilti, upplýsingaskilti og leiðarvísar. Fræðsluskilti upplýsi um náttúrufar, jarðsögu og menningu. Upplýsingaskilti geymi upplýsingar um umgengni við svæðið, takmarkanir og reglur. Leiðarvísar leiðbeini fólki á hnitmiðaðan hátt. Auglýsingar á svæðinu skulu vera í samræmi við 43. gr. náttúruverndarlaga og auglýsingar í auglýsingakassa við inngang í Dimmuborgir eru á ábyrgð Umhverfisstofnunar og Landgræðslunnar. Skilti og merkingar á svæðinu verði í samræmi við Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum, útgefin af Ferðamálastofu.

Aðgerðir

- Koma skal upp aðkomuskilti við aðkomu að Dimmuborgum.
- Skipta skal út bráðabirgðamerkingum fyrir varanlegar þar sem við á.
- Endurnýja skal eldri skilti eftir þörfum.

3.5. Ferðapjónusta og útivist

Dimmuborgir verði áfram opnar umferð gangandi ferðamanna þó komið gæti til tímabundinna lokana vegna náttúruverndar. Mikilvægt er að ferðamenn valdi ekki röskun á jarðmyndunum eða lífríki svæðisins og sambýli manna og náttúru verði sjálfbært. Auka skal samstarf við ferðapjónustuaðila með það að markmiði að bæta stýringu stórra hópa og þannig bæta upplifun fólks af svæðinu. Vetrarpjónustu skal þannig háttað að gestir svæðisins rati um helstu gönguleiðir og fái upplýsingar um aðsteðjandi hættur og vandamál.

Aðgerðir:

- Meta skal þörf fyrir aðgangsstýringu.

3.6. Rannsóknir og vöktun

Afla skal gagna þar sem þekkingu vantar varðandi náttúrufar og nýtingu svæðisins m.a. með því að óska eftir upplýsingum og gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Gögnin nýtast við greiningu á plöntu- og dýralífi í Dimmuborgum. Mikilvægt er, í ljósi vaxandi ferðamannastraums, að koma á talningu við hlið Dimmuborga. Fjöldatölur gefa glögga mynd af álagi á náttúru, nýtast við þolmarkagreiningu og auðvelda skipulag.

Aðgerðir:

- Meta skal hvaða talningabúnaður sé æskilegur og koma á talningu gesta.

3.7. Kynning og fræðsla

Dimmuborgir hafa mikið fræðslugildi og skal þess gætt að fræðslugildi svæðisins verði viðhaldið. Stefnt skal að aukinni fræðslu á svæðinu og gerð fræðsluefnis þar sem lögð er áhersla á sérstöðu og verndargildi svæðisins.

Aðgerðir:

- Útbúa skal fræðsluáætlun fyrir svæðið. Horfa skal til framsetningar miðlægs fræðsluefnis á staðnum sbr. notkun QR kóða sem beina fólki á ítarefni á netinu.
- Bæta skal upplýsingar um Dimmuborgir á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

3.8. Landnotkun

3.8.1. Búfjárbætt

Dimmuborgir eru friðaðar fyrir búfjárbætt og ekki eru áform um að heimila bætt. Bílaplönin og svæðið í kringum þjónustumiðstöðina eru ekki afgirt nema að hluta. Ekki er lögð áhersla á að halda þjónustusvæði fjárlausu.

3.8.2. Kvikmyndataka og viðburðir

Sækja skal um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna athafna og viðburða svo sem stærri samkomum og kvikmyndun. Notkun flygilda, eða dróna, við kvikmyndun er háð reglum, sjá kafla 3.10. Ef til eftirlits kemur vegna leyfisskyldra atburða getur umsækjandi þurft að bera kostnað af því.

3.9. Öryggismál

Öryggi gesta skal tryggt sem best í Dimmuborgum.

Aðgerðir:

- Útbúa skal öryggisáætlun fyrir svæðið í heild.

3.10. Flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför

Halda skal truflun gesta og dýralífs vegna flugumferðar í lágmarki, hvort sem um ræðir flugvélar, þyrlur eða ómönnuð loftför í og við náttúruvættið. Líta skal til leiðbeininga Samgöngustofu um ómönnuð loftför og almennra regla um flug.

Aðgerðaáætlun 2015-2019

2015

- Landgræðslan byggir upp og malbikar stóra hring frá afleggjara að Hallarflöt að afleggjara að Gatklett. Áætluð verklok eru í júní eða eftir því sem veður leyfir.
- Landgræðslan lagfærir og byggir upp kirkjuhring frá afleggjara að Gatklett að Kirkjunni. Verklok eigi síðar en í september.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun geri forkönnun á því með hvaða hætti skuli staðið að talningu ferðamanna í Dimmuborgum. Forkönnun skal lokið á árinu.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun vinni að endurnýjun vegvísa og gönguleiðakorta í samræmi við styrkveitingu til Landgræðslunnar frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Hönnun og uppsetningu skal lokið eigi síðar en í september.
- Umhverfisstofnun uppfæri upplýsingar og fræðslu um Dimmuborgir á heimasíðu stofnunarinnar. Uppfærslu skal lokið eigi síðar en í maí.

2016

- Landgræðslan og Umhverfisstofnun komi á talningu ferðamanna í Dimmuborgum í samræmi við forkönnun. Talningu skal komið upp í maí eða um leið og aðstæður leyfa.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun vinni fræðsluáætlun fyrir Dimmuborgir þar sem tiltekin er efni og staðsetning skilta og önnur fræðsla sem veita ætti á svæðinu. Skýrsla skal vera tilbúin í apríl.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun vinni öryggisáætlun þar sem fjallað skal um öryggi gesta og starfsfólks. Skýrsla skal vera tilbúin í apríl.
- Landgræðslan vinnur áfram að uppbyggingu og malbikun Stóra- og Litlahrings eftir því sem fjármagn fæst til.
- Umhverfisstofnun komi upp aðkomuskilti við Dimmuborgarveg (884) þar sem fram kemur að um friðlýst svæði sé að ræða og helstu þjónustutákn fyrir svæðið. Hönnun og uppsetningu skal lokið í júní.

2017

- Landgræðslan og Umhverfisstofnun komi upp upplýsingaskiltum á hallandi fleti á Borgarás þar sem gestir geti fræðst um myndun og verndun svæðisins. Hönnun og uppsetningu skal lokið í júlí.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun leggi göngustíg, stutta hringleið, austan við afleggjara á Hallarflöt. Lagningu skal lokið eigi síðar en í ágúst.
- Landgræðslan og Umhverfisstofnun meti þörf fyrir aukinn fjölda ljósmyndastaða, útskota o.þ.h.



- Landgræðslan vinni áfram að uppbyggingu og malbikun Stóra- og Litlahrings eftir því sem fjármagn fæst til.
- Umhverfisstofnun geri vöktunaráætlun fyrir svæðið þar sem lögð er áhersla á niðurbrot hraunmyndanna af mannavöldum og rofs á gróðurþekju. Skýrsla skal vera tilbúin í apríl.


2018

- Landgræðslan vinni áfram að uppbyggingu og malbikun Stóra- og Litlahrings eftir því sem fjármagn fæst til.


2019

- Landgræðslan og Umhverfisstofnun kanni þörf fyrir aðgangsstýringu inn í Dimmuborgir til verndar viðkvæmri náttúru svæðisins. Athuganir fari fram í júlí.
- Landgræðslan vinni áfram að uppbyggingu og malbikun Stóra- og Litlahrings eftir því sem fjármagn fæst til.

Viðauki 1



Viðauki 2



Viðauki 3

AUGLÝSING

um náttúruvættið Dimmuborgir í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Skútustaðahrepps, að friðlýsa Dimmuborgir í Skútustaðahreppi sem náttúruvætti skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Dimmuborgir eru minjar tæmdrar hraunbólur sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdentar- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Aðaldal. Í sama gosi mynduðust m.a. gervigígarnir við Skútustaði og Mývatn varð til í núverandi mynd. Þar sem Dimmuborgir mynduðust hefur fyrirstaða í hrauninu valdið því að hraunbráð safnaðist fyrir undir storkinni hraunskán og myndaði hringlaga gúl eða hraunbólur, um 2 km í þvermál og um 20 m á hæð. Síðan braust hraunbráðin fram um Borgarás, bólan tæmdist og storkið hraunþakið hrundi en eftir urðu sérstakar hraunmyndanir og landslag. Gufa úr undirlagi hraunsins og myndun gervigíga áttu hlut að máli við myndun fyrirstöðunnar og hraunborganna sem eftir stóðu.

Hið friðlýsta svæði er 423,5 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Dimmuborga sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslu- og útivistargildis, en svæðið í heild sinni hefur um langan tíma verið afar vinsæll útivistarstaður heimamanna og viðkomustaður ferðamanna sem um Mývatnssveit fara.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins.

Friðlýsingin tekur til 421 hektara svæðis innan landgræðslugirðingar skv. meðfylgjandi korti frá Landgræðslu ríkisins, auk 2,5 hektara svæðis utan girðingar við norðvestur jaðar svæðisins, en það hefur verið deiliskipulagt. Alls nær friðlýsingin því til um 423,5 ha. Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu og á meðfylgjandi upprætti í fylgiskjali.

| Punktur | X - hnit | Y - hnit | Punktur | X - hnit | Y - hnit |
|---------|-------------|-------------|---------|-------------|-------------|
| 1 | 596377,0000 | 567943,0000 | 6 | 595856,0000 | 566515,0000 |
| 2 | 597240,0000 | 568157,0000 | 7 | 595916,0000 | 567113,0000 |
| 3 | 597711,0000 | 567862,0000 | 8 | 596183,3500 | 567573,2300 |
| 4 | 598458,0000 | 566752,0000 | 9 | 596106,2300 | 567770,8100 |
| 5 | 597743,0000 | 565766,0000 | 10 | 596229,2200 | 567600,0400 |

4. gr.

Verndun jarðmyndana.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu Dimmuborgum. Þar sem meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstakar jarðmyndanir er umsjónaraðila heimilt að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins þar sem það á við, að fjarlægja gróður sem skyggir á jarðmyndanirnar. Einnig er heimilt að fjarlægja sand sem borist hefur inn á svæðið og skyggir þar á jarðmyndanir.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri í Dimmuborgum nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarðmyndunum á svæðinu, sbr. 4. gr. Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Þá er beit búpenings óheimil í náttúruvættinu.

Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Vegna eldhættu eru reykingar óheimilar á víðavangi innan marka náttúruvættisins.

6. gr.

Landgræðsla.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að grípa til hvers konar aðgerða sem hún telur þörf á til að hindra sandfok inn á svæðið, til að stöðva sandfok á svæðinu og til að hindra eyðingu jarðvegs og gróðurs í náttúruvættinu skv. verndaráætlun og í samráði við Umhverfisstofnun og Skútustaðahrepp, þ.e. upplýsa skal stofnunina og sveitarfélagið um umfang, eðli og tímamörk aðgerðanna. Við uppgæðslu og endurheimt gróðurs, skal nota innlendar tegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

7. gr.

Skotveiðar.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til minka- og refaveiða eða á grundvelli 5. og 7. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Skylt er að tilkynna umsjónaraðila svæðisins um alla notkun skotvopna.

8. gr.

Umferð um náttúruvættið.

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja ber merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli umsjónaraðila hverju sinni. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Umferð vélknúinna farartækja, þ.m.t. vélsleða, er óheimil í náttúruvættinu. Þetta á þó ekki við um rafknúna hjólastóla eða önnur sambærileg hjálpartæki hreyfihamlaðra á merktum stígum. Óheimilt er að hafa hunda í náttúruvættinu nema með sérstöku leyfi umsjónaraðila.

9. gr.

Tjöldun, gisting og umgengni.

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða eða henda rusli á víðavangi innan náttúruvættisins.

10. gr.

Umsjón náttúruvættisins o.fl.

Landgræðsla ríkisins annast umsjón og rekstur náttúruvættisins, en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingarinnar. Landgræðslan og Umhverfisstofnun gera með sér sérstakan samning um umsjón og rekstur náttúruvættisins sem umhverfisráðherra staðfestir, sbr. 30. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun skipar ráðgjafarnefnd um svæði í Mývatnssveit sem friðlýst eru skv. lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Í nefndinni sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af Skútustaðahreppi og einn fulltrúi skipaður af Náttúrustofu Norðausturlands. Auk þess skal skipaður einn fulltrúi fyrir hönd hvarrar jarðar innan friðlýstra svæða í Skútustaðahreppi. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar.

11. gr.

Verndaráætlun og stjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við landeigendur, Skútustaðahrepp, og ráðgjafarnefnd um náttúruverndarsvæði í Mývatnssveit, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og upplýsir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar. Landgræðsla ríkisins sér um vöktun og nauðsynlegar framkvæmdir vegna sandflutnings og uppblásturs.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Landgræðslu ríkisins, Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið og skal leitast við að þeir geti tengst öðrum gönguleiðum um Mývatnssveit.

Þá er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð innan marka náttúruvættisins, enda sé ekki unnt að framkvæma starfið á annan hátt, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum.



Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Leita skal leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.

13. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 75. og 76. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

14. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.



Viðauki 4